

19. október 2022

Skipulagsráð Kópavogs
Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur

Efni: Ósk framkvæmdaraðila og eiganda fasteigna á Digranesvegi 8, 10 og 12 um gerð deiliskipulags fyrir Digranesveg 8 – 16a

Skala arkitektar ehf. f.h. Vatnaborgar ehf. óska eftir heimild sveitarstjórnar til að hefja deiliskipulagsgerð á Digranesvegi 8 – 16a í Kópavogi skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040.

Eigendur fasteigna á lóðunum 8, 10 og 12 við Digranesveg, Vatnaborg ehf. hafa leitað til Skala arkitekta um að vinna deiliskipulagstillögu af svæðinu sbr. gr. 38 í skipulagsreglugerð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum. Skala arkitektar hafa fengið BÚ arkitekta til liðs við sig um gerð deiliskipulagsins.

Lóðirnar eru á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Kópavogs 2019–2040 sem Miðsvæði 1 og Þróunarsvæði 3.

Það er mat skipulagssérfræðinganna að mikilvægt sé að deiliskipuleggja svæðið sem eina heild að mörkum miðbæjarins að sunnan og austan og a.m.k. að Digranesvegi að norðan og að Hafnarfjarðarvegi að vestan.

Þar sem Borgarlínan er fyrirhuguð austur Digranesveg í framtíðinni er jafnframt mikilvægt að tekið sé tillit til þess við deiliskipulagsgerðina. Tryggja þarf að götukassinn uppfylli skilyrði Borgarlínunnar og að tengsl miðsvæðisins sunnan Digranesvegar við miðbæjarhlutann norðan Digranesvegar, Traðarreits-vestur séu tryggð eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulaginu.

Þar sem fasteignir á svæðinu eru að hluta til í eigu annarra er óskað eftir samvinnu við skipulagsyfirlönd í Kópavogsbæ um gerð deiliskipulagsins og um hvernig vinnunni verði háttáð. Jafnframt er óskað eftir að sveitarstjórn veiti heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði og afmarki mörk svæðisins.

Virðingarfyllt,

Helgi Steinar Helgason

Arkitekt FAÍ – aðalhönnuður

Framkvæmdastjóri Skala arkitekta

helgi@skala.is

s. +354 546 4664